

Nd.

70. Nefndarálit

[40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta er stjórnarfrumvarp. Í því er lagt til, að felld verði niður ákvæði 16. gr. þingskapa um, að utanríkismálanefnd, sem er skipuð 7 þingmönnum, kjósi úr sínum hópi 3 menn til ráðuneytis ríkisstjórninni um utanríkismál. En ákvæðið um kosningu þessara þriggja manna var upp tekið með lagabreytingu árið 1951 (lög nr. 112 27. des. það ár).

Um þetta sagði utanríkisráðherra í ræðu, sem hann flutti í neðri deild við 1. umræðu þessa máls:

„Árið 1951 var sú breyting gerð á 16. gr. þingskapanna, að kjósa skyldi þrjú menn innan utanríkismálanefndar í sérstaka undirnefnd. Þingið skyldi eftir sem áður vísa málum, sem undir utanríkismál heyrðu, til utanríkismálanefndar til meðferðar, en utanríkismálanefnd skyldi sjálf ekki lengur vera til samstarfs og samráðs við ríkisstj., heldur átti þessi þriggja manna nefnd að gera það, bæði á þingtíma og utan þingtíma.

Reynslan af þessari breytingu hefur orðið sú að því er utanríkismálanefndina sjálfa varðar, að síðan 1951 hefur nefndin naumast leyst önnur störf af hendi en kjósa sér formann og ritara og kjósa þessa þriggja manna undirnefnd. Hafa sjaldan verið haldnir í nefndinni nema tveir fundir á ári. Á öðrum fundinum hefur formaður og ritari verið kosinn, á hinum fundinum hefur undirnefndin verið kosin.

Hafi utanríkismálanefnd haldið fundi utan þessara tveggja, þá hefur það eingöngu verið til þess að afgreiða tillögur, sem til hennar hefur verið vísað frá hv. sameinuðu Alþingi. Undirnefndin hefur átt að koma í staðinn fyrir aðalnefndina til samráðs og ráðuneytis við ríkisstjórnina. Ég hef athugað það í utanríkisráðuneytinu, hvor nokkur skjöl eða skilríki finnst þar fyrir því að hve miklu leyti samráð hefur verið haft við þessa þriggja manna undirnefnd, síðan hún var lögtekin, og ég hef ekki getað fundið þar nein skilríki fyrir því, að samráð hafi yfirleitt verið haft við þessa þriggja manna nefnd. Þar finnast engar fundargerðir og engin skjöl eða skilríki, sem benda til neins slíks samstarfs. Hygg ég þó, að eitthvert samráð hafi verið við þessa nefnd haft, en þá aðallega í formi þess, að ráðherra hefur rabbað við þessa nefndarmenn, þegar honum hefur þótt ástæða til, án þess að haldnir hafi verið formlegir fundir eða nokkrar bókanir eða skilríki finnst fyrir því, að nokkuð hafi gerzt.

Þetta er að sjálfsögðu mjög óviðkunnanlegt og óþægilegt fyrirkomulag. Það er nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnina á hverjum tíma að geta haft samráð við utanríkismálanefnd um viss utanríkismál, og það er nauðsynlegt að geta haft það samráð á sem breiðustum grundvelli, þannig að hægt sé að hafa samstarf og samráð við þingflokkaná yfirleitt.“

Utanríkismálanefnd Alþingis þess, er nú situr, hefur enn ekki kosið þessa þrjú menn úr sínum hópi, enda engin ákvæði um það í þingsköpum, hvenær á þingtímanum kosningin skuli fara fram, og ríkisstjórnin hefur hingað til ekki óskað eftir að fá þá til ráðuneytis.

Allsherjarnefnd hefur athugað frv. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins (ÁsgSig og IngJ) létu þess getið á fundi, að þeir mundu gefa út sérstakt nál., en tóku ekki afstöðu til frv. Meiri hl. (PP, GJóh, GísIG) mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 11. nóv. 1958.

Pétur Pétursson,
form.

Gísli Guðmundsson,
fundaskr., frsm.

Gunnar Jóhannsson.